



Brunavarnir A-Hún. Stjórnarfundur 22. janúar 2007

Mánudaginn 22. janúar 2007 kom stjórn Brunavarna A-Hún til fundar á skrifstofu Blönduósbæjar kl. 12:00. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2007
2. Erindi frá Héraðsráði um könnun á hagkvæmni þess að Brunavarnir væru settar undir Héraðsnefnd.
3. Endurskoðun á samþykktum um byggðasamlag um Brunavarnir A-Hún.
4. Bréf til nágrannaslökkviliða samanber síðustu fundargerð Brunavarna.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Fjárhagsáætlun 2007

Frá síðasta fundi hefur Fjármálastjóri Blönduóssbæjar unnið frekar í fjárhagsáætlun með slökkviliðsstjóra. Niðurstaða áætlunar er að heildarframlag sveitarfélaganna verði kr. 15.788.000,- á árinu 2007.

Umræður um möguleika á breyttu bakvaktafyrirkomulagi til að draga úr kostnaði. Rætt var um hvort almennir slökkviliðsmenn geti tekið fleiri bakvaktir og hvort slíkt sé framkvæmanlegt.

Fjárhagsáætlun 2007 samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá Héraðsráði

Héraðsráð óskar eftir að gerð verði könnun á hagkvæmni þess að Brunavarnir væru settar undir Héraðsnefnd.

Ágústi Þór falið að óska eftir fundi við fulltrúa slökkviliðs Skagastrandar vegna þessa.

3. Endurskoðun á samþykktum byggðasamlags um Brunavarnir A-Hún.

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar hefur tekið málið fyrir en því er frestað þar til Húnavatnshreppur hefur tekið málið fyrir á fundi.

4. Bréf til nágrannaslökkviliða samanber síðustu fundargerð Brunavarna.

Í framhaldi af lið 4. 2.mgr. á fundi 8. janúar 2007 lagði formaður stjórnar fram drög að bréfi til Slökkviliðsins í Skagafirði, Skagaströnd og Húnaþingi vestra vegna samstarfs og samvinnu um sameiginlegan æfinga- og viðbragðsbúnað á svæðinu. Drögin samþykkt.

Slökkviliðsstjóra og formanni stjórnar Brunavarna A-Hún. falið að fylgja málinu eftir.

5. Önnur mál.

a) *Í framhaldi af lið 4. 1.mgr. á fundi 8. janúar 2007 gerði Andrés grein fyrir kostnaðartölum vegna brunavarna í sambærilegum sveitarfélögum.*

b) *Framlögð skýrsla um inneign áhaldahúss Blönduóssbæjar hjá Brunavörnum vegna vöntunar á vinnuframlagi Andrésar hjá Áhaldahúsi á árinu 2006. Stjórnin samþykkir framlögð gögn og uppgjör samkv. þeim.*

- c) Stjórnin ákveður að fela Huldu Ragnheiði að vinna tímaskráningarkerfi fyrir slökkviliðsstjóra í samráði við Andrés, til að auðvelda upplýsingagjöf og auka gagnsæi upplýsinga um störf slökkviliðsstjóra.

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Gróa Lárusdóttir (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri (sign.)
Jens Jenssen (sign.)

Fundargerð upplestin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 13:30.
Hulda Ragnheiður Árnadóttir (sign.)